

Árangursrík samskipti

Hlustar á aðra, tjáir sig skýrt og stuðlar að opnum samskiptum. (Einstaklingar með heyrnarskerðingu geta notað táknmál).

Prep 1.a	Prep 1.b	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Prep 5
Fer eftir gildandi/viðurkenndum samskiptareglum	Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt	Stuðlar að tjáskiptum við aðra	Aðlagar tjáskipti	Tekur þátt í samskiptum um flókin málefni	Hefur samskipti á hnitmiðaðan hátt
<p>Fer eftir settum starfsreglum um samskipti og framkomu.</p> <p>Bregst á jákvæðan hátt við leiðsögn um framkomu.</p> <p>Hlustar og svarar á viðeigandi hátt í daglegum samskiptum.</p> <p>Tekur við og fylgir eftir einföldum skilaboðum og fyrirmælum.</p>	<p>Hlustar á virkan og fordómalausan hátt.</p> <p>Setur upplýsingar og staðreyndir fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi.</p> <p>Leitar frekari upplýsinga eftir þörfum.</p> <p>Deilir upplýsingum fúslega þegar þær geta komið að notum.</p> <p>Tjáir sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni.</p>	<p>Ber virðingu fyrir skoðunum annarra og hefur það til hliðsjónar í eigin tjáskiptum.</p> <p>Athugar skilning sinn á tjáningu annarra, t.d. spyr ef ekki skilur, endursegir til að fá staðfestingu á réttum skilningi.</p> <p>Kallar eftir viðbrögðum eða endurgjöf á því sem sagt hefur verið.</p> <p>Á opin og heiðarleg tjáskipti við aðra.</p> <p>Er sjálfum sér samkvæmur í tjáskiptum við aðra.</p> <p>Sýnir frumkvæði í samskiptum.</p>	<p>Aðlagar tjáskipti sín að ólíkum viðmælendum (t.d. varðandi innihald og málfar).</p> <p>Fylgist með merkjum (t.d. líkamstjáningu, svipbrigðum og raddblæ) frá ólíkum viðmælendum til að meta hvenær og hvernig megi breyta tjáskiptum svo að skilaboðin skiljist.</p> <p>Tjáir sig á jafn áhrifaríkan hátt við ólíka viðmælendur og við ólíkar aðstæður (t.d. við yfirmenn, samstarfsmenn eða viðskiptavini).</p> <p>Setur sig í spor annarra og leggur sig fram við að skilja stöðu þeirra; ástæður, tilfinningar og áhyggjuefni.</p> <p>Tjáir sig á árangursríkan hátt við erfiðar aðstæður.</p> <p>Heldur ró sinni í samskiptum við erfiða einstaklinga.</p>	<p>Miðlar upplýsingum um flókin málefni á skýran og trúverðugan hátt til ólíkra viðmælenda.</p> <p>Svarar tafarlaust erfiðum spurningum þegar þær eru bornar upp (t.d. frá embættismönnum, hagsmunahópum eða fjölmiðlum).</p> <p>Sigrast á mótstöðu og tryggir stuðning við hugmyndir og verkefni með því að beita áhrifamiklum tjáskiptum.</p>	<p>Fylgist með upplýsingum og skilaboðum í umhverfinu og notar til að bæta samskipti.</p> <p>Notar hnitmiðuð tjáskipti til að ná ákveðnum markmiðum (t.d. tekur tillit til hagstæðustu „skilaboðanna“ og réttar tímasetningar).</p> <p>Notar ýmis tækifæri og fjölbreytta tjáningarmiðla til að efla samræður og stuðla að sameiginlegum skilningi og samstöðu.</p>